



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**563. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 4. september 2023
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Staða viðræðna vegna uppfærslu Samgöngusáttmálans. Fulltrúar SSH í viðræðuhópi um uppfærslu Samgöngusáttmálans: Ásthildur Helgadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson og Guðjón Erling Friðriksson eru gestir fundarins undir þessum lið.

Gestir

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar

Niðurstaða:

Formanni stjórnar og lögfræðingi SSH er falið að boða vinnufund stjórnar, ásamt fulltrúum í viðræðuhópnum og sérfræðingum Betri samgangna ohf., um uppfærslu Samgöngusáttmálans.

2. Svæðisbundið samráð í þágu farsældar barna - 2306006

Á 560. fundi stjórnar var tekin til meðferðar beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins dags. 22. júní 2023, um umsagnir landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna (svæðisbundin farsældarráð) en sérstaklega var farið fram á umsögn um mat landshlutasamtaka á því hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, en þau eru til skoðunar í tengslum við gerð frumvarps til laga um skólaþjónustu sem er í undirbúningi hjá ráðuneytinu.

Erindið var sent Skólamálanefnd SSH, og afrit á Samstarfshóp á sviði velferðarmála, og óskað eftir afstöðu, athugasemdum og efni vegna umsagnar SSH um framangreint.

Var erindið tekið fyrir á sameiginlegum fundi Samstarfshóps á sviði velferðarmála og Skólamálanefndar SSH hinn 9. ágúst sl. og bókað um það í fundargerð.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Á 562. fundi var afgreiðslu málsins frestað og ákveðið að frekari kynning á því skyldi fara fram. Helgi Grímsson er gestur fundarins undir þessum lið og reifar stöðu málsins.

Gestir

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Niðurstaða:

Skólamálanefnd, í samráði við Samstarfshóp á sviði velferðarmála, er falið að vinna umsögn til samræmis við framangreinda bókun frá 9. ágúst sl. og umræður fundarins og senda lögfræðingi SSH sem í kjölfarið fullvinnur umsögn í samráði við stjórn. Framlengdur umsagnarfrestur er til loka septembermánaðar.

3. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 562. fundi stjórnar SSH var framkvæmdastjóra falið að senda umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum en drög að umsögn voru lögð fyrir fundinn. Þá var svæðisskipulagsstjóra falið að vinna umsagnir við grænbók um skipulagsmál og hvítbók um húsnæðismál - drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára.

Umsögn SSH um áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum var send hinn 18. ágúst sl. og liggur hún fyrir til staðfestingar.

Umsögn SSH um grænbók um skipulagsmál var send hinn 24. ágúst sl., að höfðu samráði við stjórn í tölvupóstum, og liggur hún fyrir til staðfestingar.

Þá liggja fyrir drög að umsögn við hvítbók um húsnæðismál - drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára, en þau hafa jafnframt verið kynnt stjórn með tölvupósti. Er gerð tillaga um að svæðisskipulagsstjóra verði falið að senda umsögnina en umsagnarfresti lýkur í dag, 4. september.

Jón Kjartan Ágústsson er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir fyrirbyggjandi drög.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Umsagnir SSH um annars vegar áform um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum og hins vegar um grænbók um skipulagsmál eru staðfestar.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn um hvítbók um húsnæðismál - drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára til samræmis við fyrirbyggjandi drög og umræður fundarins.

4. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fyrirbyggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 29. ágúst 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

5. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Aðalfundur Fjölsmiðjunnar fór fram 18. ágúst sl. en fyrirbyggjandi til kynningar eru ársskýrsla og ársreikningur Fjölsmiðjunnar 2022.

Þá er fyrirbyggjandi til kynningar fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 29. júní 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirbyggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 9. ágúst 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.